



Reykjavík, 7. september 2018

### **Efni: Umögn um drög að reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum**

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) vísa til tilkynningar á samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt eru til umsagnar drög að drög að reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum. Samtökin hafa kynnt sér umrædd drög vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum

Samtökin gera alvarlega athugasemd við að ekkert samráð hefur verið haft við útgerðamenn í rekstri skipa í farþegaflutningum við gerð umræddra reglugerðardraga sem fela í sér verulega íþyngjandi og kostnaðarsamar kvaðir fyrir fyrirtækin án þess að bæta öryggi án þess að fyrir liggi t.a.m. samræmi þeirra við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins á þessu sviði og um leið hvort þá hugsanlega sé gengið lengra en slíkar kvaðir kunna að kveða á um. Sem dæmi í því samhengi benda samtökin á að vafamál er hvort krafa um að stólbök séu í 0,9m hæð frá setu á sér enga hliðstæðu og kröfur um fjölda salerna og hvíla um borð í skipi eru ekki í samræmi við sambærilegar kröfum í öðrum farþegaflutningum.

Þá gera samtökin athugasemd við að krafa sé gerð um jafnan fjölda sæta og heimild er til að flytja farþega yfir vetrartímann. Mikilvægt er að benda á í því samhengi að eðli útsýnis- og skoðunarferða sem hér um ræðir byggjast á að farþegar vistist utandyra. Farþegar klæðast hlífðargöllum sem einnig eru hluti af öryggisbúnaði og því er vandséð að sæti innandyra geti skipt sköpum á ögurstundu. Einnig benda samtökin á að flokkar farþegaskipa verða byggja á öyggjandi forsendum sem útgerðarmenn farþegaskipa hafa átt þátt í að móta.

Því er mikilvægt að gengið sé úr skugga um það að héraendar kröfur til fyrirtækja í farþegaflutningum séu í samræmi við þær kröfur sem um þá starfsemi gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins, svo dæmi sé tekið, þannig að fyrirtækjum sé ekki mismunað eftir staðsetningu þeirra innan svæðisins.

Samtökin fara fram á að samráð verði hafa við greinina og útgerðarmenn farþegabáta áður en umrædd reglugerð verður gefin út og tekur gildi. Þá fara samtökin fram á að eiga fund með samgönguráðherra til að skýra sjónarmið sín enn frekar.

Í ljósi þessa beina SAF því einnig til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að telji ráðuneytið að setja þurfi boðaða reglugerð á næstu mánuðum að gildistöku hennar verði frestað fram yfir komandi áramót, s.s. til 1. mars 2019, þannig að fyrirtækjum verði gefið svigrúm til þess að aðlaga starfsemi sinni að auknum kröfum í stað þess að knýja á um slíkar verulegar breytingar á háannatíð.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari umsagnir á síðari stigum

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson